

Morgunblaðið

mbl.is/gagnasafn

Mánudaginn 29. nóvember, 2004 - Myndlist
 Myndlist | Myndlistarmaðurinn Tolla segir skilið við Berlín

Málar í Kaupmannahöfn

Kaupmannahöfn. Morgunblaðið.



Tolla og Þorsteinn Pálsson, sendiherra í Kaupmannahöfn, ræðast við.



[Smelltu til að sjá stærri mynd]

Á ANNAÐ hundrað manns samglöddust myndlistarmanninum Tolla þegar hann opnaði nýja vinnustofu í Kaupmannahöfn á föstudaginn.

Á ANNAÐ hundrað manns samglöddust myndlistarmanninum Tolla þegar hann opnaði nýja vinnustofu í Kaupmannahöfn á föstudaginn. Tolla hefur undanfarin fjögur ár starfað í Berlín en fannst að eigin sögn kominn tími til að breyta til og flytja sig til "menningarhöfuðborgar norðursins". Vinnustofa hans er á besta stað í borginni, við Grábræðratorg, þar sem andi Íslendinga sveimar: "Það sem veitir mér innblástur við að starfa hér í Kaupmannahöfn er að hér hafa verið Íslendingar í aldir. Íslensk ljóð hafa verið samin hér á götunum, ljóð sem eiga rætur í íslenskri náttúru. Ég er hluti af sömu sögu og það er gaman að vera hér og upplifa sig í þessu samhengi," segir Tolla um flutninginn til Kaupmannahafnar og heldur áfram:

"Þegar ég er að vinna skiptir ekki öllu máli hvar ég er þar sem ég er að endurupplifa minningar úr íslenskri náttúru frá því fyrir mörgum árum. En staðsetningin hefur mikið að segja þegar ég geng út að loknum vinnudegi eða fer í kaffi og nýt mannlífsins í kringum mig, sem er að sjálfsögðu afar skemmtilegt og líflegt hér í nágrenninu," segir Tolla. Íslendingar sem Danir fjölmenntu á opnun vinnustofunnar á föstudaginn og samglöddust Tolla. Einn þekktasti rithöfundur Dana, Johannes Møllehave, var mættur á staðinn, Þorsteinn Pálsson, sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, Einar Már Guðmundsson rithöfundur, sem las upp ljóð, og fjölmargir aðrir Íslandsvinir.

Tolla hefur í nógu að snúast á næstunni. Í vikunni opnar hann sýningu í nýju gallerí á Laugaveginum, Gallerí Yzt, sem er í eigu Ara Trausta Guðmundssonar og eiginkonu hans, snemma á næsta ári verður hann með tvær sýningar í Þýskalandi og opnar eina í London í byrjun mars. Hann segir staðsetningu vinnustofunnar hafa töluverða þýðingu í viðskiptalegu samhengi. Með því að hafa málverk sín á meginlandinu þurfi hann ekki að flytja þau til Íslands og frá, sem er oft kostnaðarsamt. Með því að mála verkin í Kaupmannahöfn flytur hann þau styttri vegalengdir og greiðir þá Tolla og gjöld sem ríkja innan Evrópusambandsins.

Kaupmannahöfn. Morgunblaðið.

Slóð: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=831922

Skoðað: 2008-05-03 10:35

© mbl.is/Árvakur hf